



**Hringvegur við Hellu (1-c3)
Deiliskipulag verslunar- og þjónustulóða
sunnan Suðurlandsvegur**

Deiliskipulag

**Umferðaröryggismat
(e. RSIA)**

Apríl 2017

Efnisyfirlit

1.	Gögn sem voru yfirfarin	3
2.	Almennt.....	3
3.	Umhverfi.....	3
4.	Leiðaval.....	3
5.	Vegamót.....	3
6.	Hraði	4
7.	Aðliggjandi vegir og skipulag	4
8.	Óvarðir vegfarendur	5
9.	Samanburður kosta	6
10.	Niðurstöður.....	7

1. Gögn sem voru yfirfarin

Eftirfarandi gögn voru yfirfarin við öryggismat:

- Teikning S.01. Hella – Deiliskipulag. Deiliskipulag norður hluta svæðis Þ8. Dagsetning 16.08.2016 br. 02.02.2017.
- Teikning S.02. Hella – Deiliskipulag. Deiliskipulag norður hluta svæðis Þ8. Uppbygging svæðis. Dagsetning 04.02.2017.
- Greinargerð með deiliskipulagi. Svæði fyrir þjónustumiðstöð ferðamanna á svæði A5. Dagsetning 16.08.2016 br. 02.02.2017.

2. Almenn

Þetta umferðaröryggismat nær til þeirra þátta þar sem nýtt deiliskipulag hefur áhrif á Hringveg. Skipulagt svæði liggur meðfram Hringvegi og fyrirhugaðar eru breytingar á veginum samhliða nýju deiliskipulagi.

ÁDU á Hringvegi meðfram þeim reit sem deiliskipulagið nær til er 2.700 ökutæki skv. umferðartölum á heimasíðu Vegagerðarinnar (tölur teknar þann 6. apríl 2017).

3. Umhverfi

Fyrirliggjandi er deiliskipulag á nýju þjónustusvæði fyrir ferðamenn, sunnan Hringvegjar. Í greinargerð með deiliskipulagi er gert ráð fyrir að megin umferð inn á svæðið úr vestri, og út af svæðinu í austur fari um aðrein/frárein að Hringvegi. Umferð úr austri og öll önnur umferð að og frá svæðinu fari um Gaddstaðarflatar og seinna um fyrirhugað hringtorg á Hringvegi, sem staðsett verður um það bil 50 m austar en núverandi tenging Dynskála er við Hringveg. Einnig segir í greinargerð að með tilkomu hringtorgsins, mun tenging við Dynskála færast og tengjast hringtorginu.

4. Leiðaval


Sjá umfjöllun í kafla 5. *Vegamót* og kafla 7. *Aðliggjandi vegir og skipulag*.

5. Vegamót

Öryggishópur veltir fyrir sér hvort nauðsynlegt er að hafa skipulagða tengingu milli Hringvegjar og miðju Faxaflata til framtíðar.

Öryggishópur gerir sér grein fyrir að tenging frá Faxaflötum með hægri beygju á Hringveg mun stytta vegalengdir fyrir þá sem ætla til austurs frá reit. Fyrirhugað hringtorg austan við reitinn mun þó líklega verða þess valdandi að sýnd hægri beygju tenging til austurs verður e.t.v. óþarfi.

Þá er í skipulagi hægt að nota núverandi gatnamót Hringvegjar og Gaddstaðarflatar og aka þaðan inn á Faxaflatar. Það má því skoða hvort fyrirhugað tenging milli Hringvegjar og Faxaflata verði eingöngu opin til austurs og aðeins tímabundið þar til hringtorg austan megin reits opnar. Á Hringvegi við þessa tengingu er mikilvægt að kanna hvort uppsetning miðeyju sé heppileg til að koma í veg fyrir vinstri beygju frá reit til vesturs, sjá riss hér til hliðar (grænt táknar mögulega miðeyju).



Afar mikilvægt er að vegvísun við Faxagötu verði með ágætum til að beina vegfarendum rétta leið, t.d. til að tryggja að ökumenn við Faxaflatir leggi ekki af stað í tenginguna ef þeir ætla til vesturs eftir Hringvegi.

6. Hraði

Skv. greinargerð er á svæðinu gert ráð fyrir skiltuðum hámarkshraða 30 km/klst. Þar sem götur eru aðallega aðkoma fyrir bílastæði og við Faxaflatir má gera ráð fyrir töluverðri umferð gangandi vegfarenda. Í greinargerðinni segir einnig að þessu verði m.a. náð með hraðahindrunum og upphækkuðum gönguleiðum við bílastæðin.

Öryggishópur veltir fyrir sér við hvaða svæði sé nákvæmlega átt við. Á þessi fyrirhugaði 30 km/klst. hámarkshraði einnig við Gaddstaðaflatir og Hringveg þar sem umrætt deiliskipulag nær til þessara vega. Verða t.d. breytingar á hámarkshraða á Hringvegi? Öryggishópur telur að afar erfitt verði að halda raunhraða svona lágum á þeim vegum sem liggja við skipulagsreitinn.

7. Aðliggjandi vegir og skipulag

Öryggishópur skoðaði nýlegar breytingar á aðalskipulagi Rangárþings ytra sem var samþykkt/staðfest 26.01.2017 skv. skipulagsvefsjá (skoðað á vef Skipulagsstofnunar þann 6. apríl 2017). Skv. kafla 2.3 verður á þéttbýlisuppdrætti sveitarfélagsins gerð eftirfarandi breyting á legu vega og vegtengingar við Hringveg (sjá einnig skjáskot af breyttu aðalskipulagi hér til hliðar):

„Ný vegtenging verður til suðurs af Suðurlandsvegi skammt austan Gaddstaðavegar niður á Gaddstaðaflatir, auk þess sem gert verður ráð fyrir vegtengingu sunnan Þ8, inn á Gaddstaðaveg. Vegtenging verður frá nýja veginum til austurs, milli A5 og I3 og áfram gert ráð fyrir vegtengingu við Suðurlandsveg austan A5.“




Öryggishópur veltir fyrir sér hvort fyrirhugað deiliskipulag á reit Þ8 sé í samræmi við þetta breytta aðalskipulag. Skv. deiliskipulagi er tengingin við Hringveg vestar en sýnd er í aðalskipulagi og þá nær vegtengingin ekki beint niður á Gaddstaðaflatir, eins og fram kemur í texta og á mynd aðalskipulagsins.

Fyrirhugað hringtorg austan við reitinn mun líklega verða þess valdandi að fyrirhuguð hægri beygju tenging til austurs inn á Hringveg frá Faxaflötum verður e.t.v. óþarfi. Öryggishópur veltir því fyrir sér hvort ekki sé rétt að íhuga að fjarlægja þessa tengingu samhliða gerð nýs hringtorgs.

Þar sem fyrirhuguð ný tenging af Hringvegi nær inn að Faxaflötum skoðaði öryggishópur lauslega einnig aðstæður við Faxaflatir og þá sérstaklega næst tengingunni. Sú tenging kemur til móts við inn- og útkeyrslu af bílastæði söluskálans


með nokkurs konar blöndu af krossgatnamótum og hliðruðum T-gatnamótum. Öryggishópur veltir fyrir sér hvort ekki sé öruggara að hliðra tengingunni lengra til vesturs, t.d. mitt á milli inn- og útkeyrslu fyrir rútur og búa þannig til tvenn T-gatnamót. Hér til hliðar má sjá skjáskot af umræddu svæði þar sem rauði liturinn sýnir þessa óheppilegu hliðrun í gatnamótunum og græni liturinn sýnir mögulega færslu á tengingunni.



Hvað varðar bílastæðið við söluskálann var eftir því tekið að aðstæður fyrir akandi virðast vera frekar þröngar. Erfitt er að fyrir akandi með tengivagna að athafna sig og aka burt af bílastæðinu og svo virðist sem sumir ökumenn þurfi að bakka út á Faxaflátir til að komast af bílastæðinu. Slíkt truflar umferð á Faxaflötum og hefur neikvæð áhrif á umferðaröryggi. Einnig er viss hætta á að stærri tengivagnar, sem lagt hefur verið í stæði, nái út á Faxaflátir með tilheyrandi hættu fyrir aðra vegfarendur.

Einnig getur verið erfitt að fullnægja kröfur um sjónlengdir þegar ekið er út af bílastæðinu þar sem hætta er á að stærri tengivagnar trufla sýn ökumanna inn á Faxaflátir.

Varðandi bílastæðin sem liggja við Faxaflátir þá er almennt talið óheppilegt að hafa stæði beint út frá götu eins og Faxaflötum, sjá t.d. rauðar tengingar á mynd hér til hliðar. Íhuga ætti að hafa eina tengingu af Faxaflötum og útfæra bílastæðin án beinnar tengingar við Faxaflátir.




8. Óvarðir vegfarendur


Skv. greinargerð með deiliskipulagi munu göngustígar tengjast núverandi undirgöngum undir Hringvegi til norðurs. Göngustígar verða tengdir til vesturs og suðurs við núverandi stígakerfi aðliggjandi svæða. Einnig segir að aðalgöngustígar séu ætlaðir jafnt hjólandi sem gangandi umferð og reiknað er með að göngu- og hjólastígar séu 3,0 m breiðir, með hefðbundnu yfirborði og upplýstar gangstéttar skulu vera a.m.k. 2,0 m breiðar. Innan svæðisins þar sem gangstéttar þvera götur er gert ráð fyrir hraðahindrandi aðgerðum.

Öryggishópur veltir fyrir sér hvaða gönguleiðir séu fyrirhugaðar frá norðri til suðurs vestan undirganga. Nýtt þjónustusvæði fyrir ferðamenn og nýr verslunarkjarni fyrir bæjarbúa mun að öllum líkindum vekja nýja þörf fyrir óvarða vegfarendur til að ferðast frá skipulagsreit inn að miðbæjarkjarna Hellu. Viss hætta er á að hluti gangandi fari stystu leið yfir Hringveg nærri Langasandi. Gæti verið lausn að opna á gönguleið yfir Hringveg austan Langasands við miðeyju þar sem ein akrein er í hvora átt?


Þá er einnig hætta á að gangandi muni ekki velja þær leiðir yfir Faxaflátir sem sýndar eru á skipulagi heldur gangi frekar stystu leið að verslunarkjarna og söluskála. Hér að neðan má sjá tillögu að leið yfir Hringveg og Faxaflátir merkt rauðum lit.



Þá veltir öryggishópur fyrir sér með hvaða hætti gönguleið við bílastæði söluskálans verði byggð. Er um að ræða málaðar línur eða upphækkaða gangstétt? Er hugsanlega öruggara að hafa þessa leið frekar á græna svæðinu austan við fyrirhugaða leið þar sem líkur eru á töluverðri umferð á og við bílastæðið, sjá mynd til hliðar.



Einnig skoðaði öryggishópur gönguleiðina yfir Gaddstaðaflátir nærri Hringvegi sem liggur gegnum hægrri framhjálaup. Þar er líklegt að ökumenn einbeiti sér að öðru en umferð gangandi og horfi frekar til vinstri í átt að ökutækjum sem þeir eiga að veita forgang. Öryggishópur telur öruggara að færa gönguleiðina lengra til suðurs með því að lengja miðeyju og leiða gangandi í gegn þar sem akreinar eru þrengri og meiri líkur á að ökumenn og gangandi skynji betur hvor annan, sjá tillögu hér til hliðar.



9. Samanburður kosta

Á ekki við. Einungis einn kostur var til skoðunar.

10. Niðurstöður

Umferðaröryggismatið nær til þeirra þátta þar sem nýja deiliskipulagið hefur áhrif á Hringveg en skipulagt svæði liggur meðfram Hringveginum. Skipulagið var metið m.t.t. helstu gönguleiða sem tengjast Hringvegi og helstu tenginga við þjóðveginn. Einnig voru nokkur atriði tekin fyrir sem vöktu sérstaka athygli öryggishóps við almenna yfirferð á reitnum. Ekki var farið sérstaklega út í umferðarmál innan skipulagsreitsins, m.a. hvað varðar tengingar inn og út á Faxaflatir og Sleipnisflatir.

Helstu athugasemdir sem öryggishópur vill taka saman í niðurstöðum eru eftirfarandi:

- Skoða þarf betur útfærslu á tengingu Hringvegar við miðju Faxaflata. Einnig hvort almenn þörf sé á þessari tengingu og sér í lagi tengingunni til austurs þegar fyrirhugað hringtorg austan við skipulagsreit verður framkvæmt.
- Skoða þarf betur þörf gangandi yfir Hringveg til móts við Langasand og í framhaldi yfir Faxaflatir.
- Skoða þarf betur staðsetningu gönguleiðar yfir Gaddstaðaflatir.
- Skoða þarf betur aðstæður og umferðaröryggi við inn- og útkeyrslur við Faxaflatir sem m.a. hafa áhrif á fyrirhugaða tengingu milli Faxaflata og Hringvegar.
- Hvað varðar nýju tenginguna milli Faxaflata og Hringvegar þarf að skoða betur samræmi á milli deiliskipulags og aðalskipulags Rangárbings ytra. Mun fyrirhugað hringtorg austan við reitinn e.t.v. leysa af hólmi þörfina fyrir þessa tengingu?

Fyrir hönd Vegagerðarinnar

Baldur Grétarsson, vottaður umferðaröryggisráðgjafi

Hörður Bjarnason, vottaður umferðaröryggisráðgjafi